

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 14.12.2020
Tilvísun vor: M-2020-376/ 00.11

Efni: Umsögn frumvarpi til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um mat á umhverfisáhrifum og lögum um loftslagsmál (niðurdæling koldíoxíðs).

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um mat á umhverfisáhrifum og lögum um loftslagsmál (niðurdæling koldíoxíðs), 335. mál.

Um er að ræða innleiðingu tilskipunar ESB 2009/31/EB um kolefnisföngun og geymslu á koldíoxíði á þann veg að föngun og geymsla þess verði heimil á íslensku yfirráðasvæði. Jafnframt á frumvarpið að tryggja að Carbfix aðferðarfræðin falli að ákvæðum tilskipunarinnar.

Landsvirkjun vill vekja athygli á því að um er að ræða innleiðingu á ramma utan um niðurdælingu (injection) koldíoxíðs í önnur jarðlög en það kom úr. Tilskipunin á ekki við þegar koldíoxíði er dælt strax aftur niður (re-injection) í jarðlög þaðan sem það kom þ.e. í sitt náttúrulega umhverfi eins og á við um jarðhitavinnslu á Íslandi.

Landsvirkjun hefur kynnt sér frumvarpið og telur að það sé til bóta að innleiða tilskipunina og með því gera mögulegt að tengja ávinning af niðurdælingu (injection) koldíoxíðs frá iðjuverum á Íslandi við viðskiptakerfi ETS. Landsvirkjun vill þó koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.


Óljóst er af greinargerð frumvarpsins hvort að Evrópusambandið telji aðferðina, að dæla koldíoxíði sem bundið er í vatni í jarðlög, falla undir regluverk sambandsins eða hvort að gera þurfi breytingar á því til að rekstraraðilar geti nýtt sér hana til frádráttar í viðskiptakerfi ETS. Fram kemur að „*Verði frumvarpið að lögum er rekstraraðilum innan viðskiptakerfisins gert kleift að gera grein fyrir koldíoxíði sem hefur verið dælt neðanjarðar í losunarbókhaldi sínu*“ og „*með því að heimila varanlega niðurdælingu á Íslandi skapast tækifæri sem og fjárhagslegur hvati fyrir stóriðjuna til að draga úr losun góðurhúsalofttegunda með niðurdælingu koldíoxíðs til steinrenningar þar sem hún kemur til frádráttar á heildarlosun í bókhaldi viðkomandi aðila innan viðskiptakerfisins*“. Jafnframt segir „*Hins vegar er ljóst að þörf er á að regluverk Evrópusambandsins taki breytingum þannig að báðum aðferðum verði tryggður sess og sérstaða Carbfix-aðferðarinnar viðurkennd*.“ Landsvirkjun telur að það væri æskilegt að skýra betur hvort að með innleiðingu frumvarpsins verði hægt að nýta niðurdælingu til frádráttar eða hvort að bíða þurfi eftir breytingum á regluverki Evrópusambandsins.


Í ljósi þess að frumvarpið á ekki að girða fyrir að beitt sé annarri aðferð en Carbfix við niðurdælingu sem fæli í sér geymslu (kaflí 3.2) leggur Landsvirkjun til breytingu á skilgreiningu á hugtakinu *niðurdæling koldíoxíðs til varanlegrar geymslu*. Talið er að fyrirbyggjandi tillaga sé of þröng með því að tiltaka sérstaklega steinrenningu enda sé hún



talin vera varanleg geymsla. Með því virðist gengið lengra en tilskipunin kveður á um og spurning um hver sé lagatæknileg þýðing þess að tiltaka sérstaklega steinrenningu. Mikilvægt er að gæta meðalhófs við lagasetningar og tilgreina ekki sérstaklega ákveðnar tækilausnir umfram aðrar sem gætu skilað sama ávinningi. Við leggjum því til að skilgreiningunni sem er í 1. gr. frumvarpsins verði eftirfarandi: *Niðurdæling koldíoxíðs til varanlegrar geymslu í jarðlögum er þegar óblönduðu koldíoxíði er dælt niður til geymslu í holrýmum í jarðlögum eða niðurdæling koldíoxíðs sem hefur verið bundið í vatni og dælt niður í jarðlög til varanlegrar geymslu.*

Að lokum vill Landsvirkjun minna á mikilvægi þess að rekstraraðilar vinni að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda áður en gripið er til mótvægisáðgerða.

Virðingarfyllt

Kristín Linda Árnadóttir
Aðstoðarforstjóri


Jóna Bjarnadóttir
Forstöðumaður umhverfis og auðlinda